

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1356*  
*komudagur 1.4.2014*



MOSFELLSBÆR

Alþingi  
Nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 01.04.2014  
nr. erindis 201403409/50.13 sój

Efni: Ein og sama umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar í málum; 340, 344 og 352.

Bæjarráð Mosfellsbæjar samþykkti á 1159. fundi sínum þann 27. mars 2014 svohljóðandi og sömu umsögn vegan mála 340, 344 og 352 varðandi Evrópumál:

*“Bæjarráð Mosfellsbæjar tekur undir það sjónarmið sem sterkt hefur komið fram í umræðum að undanfögnu um þetta mál að þjóðin hafi aðkomu í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður og síðar um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Mikilvægt er að sem breiðust sátt verði um næstu skref vegna aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið. Bæjarráð skorar á og treystir því að kjörnir fulltrúar á vettvangi Alþingis leiði málið til lykta svo að sem mest sátt megi nást um þetta mikilvæga mál.”*

Samhliða umsögn bæjarráðs varðandi ofangreind mál, var svohljóðandi bókun sett fram:

*“Bæjarráðsmenn D lista bóka þá afstöðu sína að viðhafa hefði átt þjóðaratkvæðagreiðslu áður en aðildarviðræður hófust á sínum tíma við Evrópusambandið.”*

Virðingarfyllst,  
f.h. bæjarráðs Mosfellsbæjar

Stefán Ómar Jónsson (sign)  
framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs